

Nr. 030 / 10 Jonni SH 84**Stjórnvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6988
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast
Stærð: 9,3 brl. 9,6 bt.
Mesta lengd: 9,93 m Skráð lengd: 9,78 m
Breidd: 3,23 m Dýpt: 1,55 m
Vél: Volvo Penta 151 1992
Fjöldi skipverja: 1



Gögn:
Gögn RNS

Jonni ©Alfons Finnsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Pann 18. mars 2010 var Jonni SH 84 á útleið úr Kópavogshöfn Veður: Logn.

Eftir að haldið var úr höfn varð skipstjóri var við að olúu vantaði á stýrið. Hann bætti vökvakerfisolúu á kerfið og hélt áfram siglingunni. Þegar komið var út með Bessastaðanesi varð báturinn stjórnlaus því öll olíu hafði lekið út um samsetningu á lögn að stýristjakki.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og lét akkeri falla á meðan hann beið eftir drætti en björgunarskip dró bátinn til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að við að fylla á vökvakerfi stýrisbúnaðarins kláruðust vökvabirgðir bátsins og þegar lekinn kom í ljós var engin vökvi eftir til að bæta á;
- að þegar leka samsetningin var losuð frá stýristjaknum kom í ljós að kónn hafði dregist fram af lögninni inni í samsetningunni og var nær laus. Skipstjóri taldi að kónninn hafi aldrei herst almennilega utan um rörið og farið nær allur út af rörinu áður en full hert var að rónni þegar rörið var „kónað“ í upphafi;
- að skipstjóri vissi ekki hvaða gerð kónninn var;
- að þrjár gerði kóna koma til greina og er ekki sama hvernig handbrögðum er beitt við kónun röra. Ef röng aðferð er notuð festist kónninn ekki á rörinu;

- að skipstjóri taldi að hreyfing hafi komið á rörið meðan verið var að vinna við rafmagnslagnir í bátnum. Rörið lá áður með eldri rafmagnsköplum sem fjarlægðir höfðu verið og það gæti hafa orðið til þess að það losnaði endanlega um rörið.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök atviksins vera þá að ekki hafi verið réttilega gengið frá samsetningu á rörinu.